

## Sunnukriki 3

Byggingin við Sunnurkrika 3 mun verða ramminn um fjölbreytta starfsemi sem að mestu eða öllu leiti tengist þjónustu við ferðamenn. Lóðin er handan við götuna þar sem nú er bensínafgreiðsla Atlantsólíu.

Í hábyggingunni sem er 6 hæðir verða stór hótélherbergi / hótél íbúðir, frá 30 m<sup>2</sup> til 45 m<sup>2</sup> að stærð. Í byrjun verða þau rekin sem nethótél þar sem öll afgreiðsla fer fram á netinu, gesturinn fær sendan kóða í símann sinn sem hann notar síðan til að komast um bygginguna. Herbergin verða vönduð að gerð og í framtíðinni er gert ráð fyrir að þessi starfsemi tengist 5 stjórnun hóteli sem reist verður á lóð nr. 5 og / eða nr.7.

Á fyrstu hæð tveggja hæða lágbyggingar austan megin verður aðstaða fyrir ferðaþjónustufyrirtæki með snyrtilega starfsemi, þar verða skrifstofur, búnaðargeymslur, aðstaða til að þrifa bíla og búnað o.s.frv. Einnig verður þar aðstaða til að taka á móti gestum til að máta búnað og til að halda námskeið og fyrirlestra um land og þjóð.

Á annarri hæð þessa byggingarluta verða almennar skrifstofur.

Byggingin er öll innan byggingareits, bæði í grunni og í hæð og innan þeirra stærðamarka sem deiliskipulag gerir ráð fyrir. Hæðarkóti 1hæðar er 49,5 m. Megin hluti byggingarinnar er 8 metrar á hæð sem er sú hæð sem gefin er upp í deiliskipulagi. Nærliggjandi hús standa við Litlakrika 2,4 og 6. og standa öll umtalsvert hærra en Sunnukriki 3. Há hluti byggingarinnar er 15 metra breiður á þeirri hlið sem snýr að íbúðarbyggð eins og krafist er í deiliskipulagi. Yfirborðsefni þaks verður gras.

Gólfkóti Litlakrika 2 er 56 m, en á þeirri hæð eru bílageymslur. Íbúðahæðin er um þremur metrum hærra og því ofan við þak Sunnukrika 3. Gólfkóti Litlakrika 4 og 6 er 59,2 m eða um tveim metrum ofan við þak Sunnukrika 3.

Aðkoma að og frá lóðinni er eins og deiliskipulag og mæliblöð mæla fyrir um.

Byggingin verður vönduð að gerð, steinsteypt að mestu, einangruð að utan, klædd viðarklæðningu að hluta og glerklæðningu að hluta. Henni er gefinn „svipur“ með skáskornum gluggapóstum og lituðum glerflötum sem mynda eins kona ísnál um stigahús á norðurhlið byggingarinnar.

Hluti bílastæða verður í bílageymslu neðanjarðar.

Tekið saman í september 2017